

PEG-magaslanga til næringargjafar hjá fullorðnum

Ýmsir sjúkdómar geta valdið því að einstaklingar nærast ekki. PEG-magaslanga er sett til að hjálpa fólki sem gengur illa að nærast að uppfylla þörf fyrir orku- og næringarefni og vökva. Í ákveðnum tilfellum er PEG-magaslanga notuð til að létta á þrýstingi í maga.

Stafirnir PEG standa fyrir:


P - percutaneous: Í gegnum húð

E - endoscopic: Framkvæmt með speglunartæki

G - gastrostomy: Op sem liggur frá maga út á húð (magastóma)

Ísetning PEG-magaslöngu

Op er gert á magann í speglun til að hægt sé að koma fyrir PEG-magaslöngu. Slangan liggur í gegnum kviðvegg og magavegg, inn í maga, sjá mynd 1. Aðgerðin er gerð á speglunardeild 11D á Landspítala Hringbraut og tekur um 20-30 mínútur.



Mynd 1. PEG-magaslanga.

Alvarlegir fylgikvillar eru fátíðir, en mikilvægt er að vita af þeim. Dæmi um alvarlega fylgikvilla eru:

- Lífhimnubólga
- Blæðing frá kviðvegg
- Lungnabólga vegna ásvellingar
- Þrýstingssár eftir innri plötu í maganum (Buried bumper syndrome)

Undirbúningur

Blóðþynnandi lyf

Hætta þarf að taka blóðþynnningalyf fyrir aðgerðina, og er það gert í samráði við lækni.

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við aðgerð.

- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Taka má morgunlyf með sopa af vatni.

Aðgerðardagur

Fyrir aðgerð er settur æðaleggur í handlegg sem vökvi, sýklalyf og róandi lyf eru gefin í. Meðan á aðgerð stendur þarf að liggja á baki. Húðin á kviðnum er staðdeyfð. Speglnartæki er þrætt í gegnum munn og niður í maga. Maginn er skoðaður með myndavél sem er á enda speglnartækisins og staðsetning magaslöngu valin. Síðan er gerður lítill skurður inn í magann og PEG- magaslöngu komið fyrir. Tvær plötur sem eru á PEG-magaslöngunni koma í veg fyrir að hún detti út. Önnur liggur innan við magavegginn og hin er utanvert á slöngunni og liggur upp við húðina á kviðnum (mynd 1).

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild og síðan á legudeild. Fasta þarf í eina klukkustund, en eftir það má yfirleitt taka lyf, borða og drekka eins og vanalega.

Flestir dvelja á spítalanum í sólarhring til eftirlits og til að byrja að nærast um PEG-magaslönguna. Ef gefin voru róandi lyf má ekki aka bíl eða stjórna stórum tækjum fyrr en eftir einn sólarhring.

Næringargjöf um PEG-magaslöngu

Byrja má að nota PEG-magaslönguna 2-4 klukkustundum eftir aðgerð, nema læknir gefi fyrirmæli um annað. Mælt er með því að þeir sem enn geta nærst um munn, borði oftast og minna í einu, fyrstu tvo sólarhringana. Næringarfræðingur metur orku- og næringarþörf og gerir næringaráætlun. Þar kemur fram hraði innrennslis, magn og tegund næringar. Næring um slöngu getur bæði verið notuð ein og sér eða sem viðbót við almenna fæðu um munn.


Munnhirða er mjög mikilvæg þegar næring er gefin um PEG-magaslöngu. Bursta þarf tennur eða skola með munnskoli kvölds og morgna, þó ekki sé borðað um munn, til að halda tönnum hreinum og minnka hættu á sýkingum.

Ef kviðverkir, ógleði eða uppköst koma fram í tengslum við næringargjöf þarf að leita aðstoðar.

Lyfjagjöf um PEG-magaslöngu

Gefa má lyf í PEG-magaslöngu. Sum lyf er hægt að fá í fljótandi formi. Ef nota þarf töflur má stundum mylja þær og leysa upp í volgu vatni í samráði við hjúkrunarfræðing eða lækni. Ekki má mylja sýruhjúpaðar töflur, krabbameinslyf og forðatöflur.

PEG-magaslangan getur stíflast vegna fæðu eða lyfja. Því þarf alltaf að skola hana með a.m.k. 30 ml af vatni fyrir og eftir lyfjagjöf. Alls ekki má blanda lyfjum út í næringuna. Á meðan á næringargjöf stendur og í 30 mínútur eftir að næringargjöf lýkur þarf að sitja uppréttur eða hækka undir höfði (45 gráðu hækkun) til að minnka hættu á bakflæði, sem getur valdið lungnabólgu (mynd 2).



Mynd 2. Hækkað undir höfði um 45 gráður.

Fyrsta vikan eftir ísetningu

Verkir

Sumir finna fyrir óþægindum í hálsi í nokkra daga eftir speglunina. Skurður á kvið þar sem slangan liggur, getur verið aumur í allt að viku. Taka má verkjalyf sem hægt er að kaupa án lyfseðils í apóteki. Ef platan sem liggur að húðinni, veldur þrýstingi geta lækningar eða hjúkrunarfræðingur losað plötuna um nokkra millimetra daginn eftir ísetningu.

Umbúðir

Engar umbúðir þarf í kringum PEG-magaslöngu, en stundum eru umbúðir þó settar til að verja viðkvæma húð, sem eru svo fjarlægðar næsta dag.

Sturta

Óhætt er að fara í sturtu 3-5 dögum eftir PEG-magaslöngu ísetningu. Ekki má fara í baðkar, heitan pott eða sund fyrr en sár er vel gróið en það tekur yfirleitt 2-4 vikur.

Dagleg umhirða

- Þvo hendur með sápu áður en PEG-magaslanga er snert.
- Þvo daglega í kringum PEG-magaslöngu með hreinum grisjum og volgu sápuvatni.
- Gæta þess að húðin sé þurr og hrein. Ekki þarf að nota umbúðir við PEG-magaslöngu.
- Fylgjast með hvort leki meðfram PEG-magaslöngu. Ytri plata PEG-magaslöngu á að vera um 0,5 mm frá kviðvegg. Ef hún er of þétt eða laus er meiri hætta á leka og að sár myndist.
- Snúa PEG-magaslöngu daglega til að draga úr ertingu og minnka líkur á sáramyndun. Ráðlagt er að byrja að snúa PEG-magaslöngu viku eftir ísetningu. Þetta á þó ekki við ef PEG-magaslanga er fest með saumi eða akkeri.
- Gæta þess að ekki komi tog á PEG-magaslöngu.

Kostnaður

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) niðurgreiða næringu um slöngu, en allir greiða fasta upphæð mánaðarlega, sem er áætlaður eðlilegur matarkostnaður. Ef notuð er næring um slöngu að hluta til, breytast mánaðarlegar greiðslur með tilliti til þess. Fylgihlutir með næringu um slöngu s.s. næringarsett, hnappar, sprautur, grisjur og húðverjandi vörur eru niðurgreiddar að fullu.

Ferðalög

Næringu um PEG-magaslöngu er hægt að gefa nánast hvar sem er, heima eða á ferðalögum. Þegar fljótandi næring er tekinn með í flug þarf læknisvottorð. Hafa þarf samband við flugfélagið sem flogið er með og láta vita að ferðast sé með fljótandi næringu. Í flestum tilfellum er hægt er að kaupa næringu erlendis, en greiða þarf fyrir hana að fullu og fá síðan endurgreitt hjá Sjúkratryggingum Íslands þegar heim er komið. Auka þarf vökva um slöngu, um að minnsta kosti hálfan lítra á dag ef ferðast er í heitu loftslagi.

Fylgikvillar PEG-magaslöngu og viðbrögð við þeim

Ef PEG-magaslanga rennur út, þarf að setja nýja slöngu sem fyrst í opið, til að koma í veg fyrir að það lokist. Flestar bráðamóttökur geta sett nýja slöngu. Til bráðabirgða má nota aðrar slöngugerðir ef PEG-magaslanga er ekki til, t.d. þvaglegg af sama sverleika. Ekki á að bíða til næsta dags með að leita aðstoðar, því þá gæti gatið hafa lokast. Daglega þarf að meta svæðið í kringum PEG-magaslönguna m.t.t. verkja, roða, blæðingar, leka og bólgu.

Minniháttar fylgikvillar: Hafa samband við göngudeild meltingar 10E á dagvinnutíma

- Leki í kringum í PEG-magaslöngu.
- Roði eða sýking í húð.
- Óþægindi í kringum PEG-magaslöngu.
- Ofholdgun (örvefur) í kringum PEG-magaslönguop.
- Vægir kviðverkir.
- Ógleði og uppköst.

Alvarlegir fylgikvillar: Hafa strax samband við við göngudeild meltingar 10E (kl. 08:00-16:00) eða speglunardeild 11D (um helgar og eftir klukkan 16:00 á virkum dögum)

- Slanga rennur út úr maga að hluta eða að öllu leyti.
- Versnandi verkir í kvið. Ef slæmir verkir í kvið koma fram þarf strax að stöðva næringargjöf og fasta.
- Hiti hærri en 38,5°C innan viku frá ísetningu.
- Blæðing frá magaopi.

Í neyðartilvikum er leitað á bráðamóttöku eða hringt í 112.

Eftirlit

Eftirlit fer fram á göngudeild 10E á Landspítala Hringbraut á 3-6 mánaða fresti. Þar hittir sjúklingur hjúkrunarfræðing og næringarfræðing og eftir þörfum lækni.

Endingartími PEG-magaslöngu getur verið ár eða lengur. Ef nota á PEG-magaslöngu í langan tíma eða ef sjúklingur vill, má skipta yfir í svokallaðan næringarhnapp (button) sem minna fer fyrir. Hægt að fá frekari upplýsingar um næringarhnapp í viðtali á göngudeild.

Símanúmer og netfang

Göngudeild meltingar 10E, Landspítali við Hringbraut er opin virka daga kl. 08:00-16:00, sími: 543-2200 eða 825-9436. Netfang: meltingarhjukrun@landspitali.is

Speglunardeild 11D, Landspítali við Hringbraut sinnir bráðatilvikum um helgar og eftir kl. 16:00 á virkum dögum. Hringt er í skiptiborð Landspítala í síma 543-1000 og óskað eftir sambandi við hjúkrunarfræðing á bakvakt á speglunardeild.